



Stjórnarfundur AKÍS

Staður og tími: Fundarherbergi ÍSÍ - 5.4.2016 kl. 17:30

Mætt:

Tryggvi Magnús Þórðarson (TMÞ), Þrándur Arnþórsson (ÞA), Ragnar Róbertsson (RR), Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS), Þórður Bragason (ÞB), Jón Bjarni Jónsson (JBJ), Sigurður Gunnar Sigurðsson (SGS)

Fjarverandi: Einar Gunnlaugsson (EG), Ari Jóhannsson (AJ), Jón Rúnar Rafnsson (JRR), Magnús Á Ástráðsson (MÁÁ)

ÞA ritaði fundargerð.

1. Skipun í keppnisráð

Vefur AKÍS mun uppfærður með aðilum í keppnisráðum. Ákveðið að skipa á haustmánuðum í keppnisráð í hringakstri. Aðrar breytingar á keppnisráðum:

Drift: KK leggur til eftirfarandi í ráðið: Jón Bjarni Jónsson og Halldór Jóhannsson
BA: Brynjar Gauti Schiöth og Þorvaldur Schiöth
AÍH: Gunnar Bjarnason hættir, aðrir halda áfram

GoKart: Óbreytt

Rally: Þórður Guðni Ingvason í stað Baldurs Haraldssonar

Rallycross: Óbreytt

Spyrna: BA: Stefán Steinþórsson verður áfram - Garðar Þór Garðarsson bætist við
KK: Arnar Bragi Jónsson bætist við

Torfæra: Sigfús G. Benediktsson hættir og Sævar Már Gunnarsson kemur inn

2. Uppfærðar reglur í drifti

Uppfærðar reglur í drift samþykktar og verða gefnar út á vef AKÍS. Helstu breytingar eru:

1. Hálskraga reglum breytt fyrir götubíla svo að hann sé æskilegur
2. Klausu um þrædda hjálma tekin út, þræddir hjálmar sagðir æskilegir
3. Hjálmareglum bætt við
4. Orðalag í kringum búrareglur breytt
5. Orðalag í kringum farþega í leiðbeinandi reglum fyrir æfingar
6. Orðalag og stafsetning bætt þar sem við á
7. Viðauki I fyrir dómara bætt við

3. Team Spark og Team Sleipnir

Samþykkt að óska þeim góðs gengis og afhenda hvatningavott.

4. Erindi frá Jóhanni Ragnarssyni

Samþykkt. Tilvísun AKÍS: 2016-TV-1006

5. Torfæra - Icelandic Formula Offroad World Cup

Ljóst er að samkvæmt grein númer 7 í [almennum keppnisreglum NEZ](#) verður keppnin aðeins lögleg ef að minnsta kosti einn keppandi kemur frá fjórum NEZ þjóðum. Það stefnir í að það takist ekki og því gæti farið svo að keppnin á Hellu verði ekki viðurkennd sem gild NEZ keppni. Í



Því tilviki þykir keppnishaldara æskilegt að nafni keppninnar verði breytt eða bætt við, til samræmis við ofangreint.

HKS falið að senda tillögur að sérreglum fyrir slíka keppni. Í framhaldi af því mun tekin ákvörðun um þetta mál.

6. Skeyti til stjórnar NEZ og NEZ Formula Offroad Working Group

Málið rætt og frestað til næsta raunfundar.

7. Women in Motorsport Council

AKÍS leggur til að Katrín María Andrésdóttir verði fulltrúi Íslands í þessu ráði FIA.

8. Haustfundur NEZ í Osló

Ákveðið að skoða kostnað við að senda fulltrúa á þennan fund.

Dagskráin verður sennilega þannig:

- 28. okt. 2016: Flogið KEF-OSL að morgni. Nefndafundur hefjast kl. 14:00. Um kvöldið verður síðan léttur "get together" matur - kvöldið frjálst.
- 29. okt. 2016: Framhald nefndafunda (ef þarf). FIA North Europe Sport Conference frá 10:00 til 16:00. Formlegur kvöldverður um kvöldið.
- 30. okt. 2016: Framhald FIA North Europe Sport Conference frá kl. 10:00 til 14:00. Fundir í NEZ Council (15:00) þar sem stjórn NEZ og formenn nefnda skila skýrslum. Flogið OSK-KEF seint að kveldi.

9. Önnur mál

Öryggisbúr - Ákveðið að ræða við háskólana um samvinnu við úttekt á styrk öryggisbúra út frá teikningum af þeim.